

# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

Skipulags- og umhverfisnefnd - 4.02.2013

24. fundur

4. febrúar 2013. kl 9:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

---

## Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

## Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

---

## 1. Bjarnarflagsvirkjun. Vinnubúðir Landsvirkjunar og verktaka.

S201206041

Erindi dags 12. desember 2012 frá Árna Gunnarssyni, yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem hann sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir Landsvirkjunar og verktaka vegna Bjarnarflagsvirkjunar. Meðfylgjandi er tillaga (afstöðumynd) af staðsetningu vinnubúða á fyrrverandi lóð Kísiliðjunnar.

*Skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki samþykkt stöðuleyfi fyrir vinnubúðir þar sem ákvæði 51. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 kveða á um að vinnubúðir skuli uppfylla ákvæði sem gerð eru til mannvirkja og uppsetning þeirra háð útgáfu byggingarleyfis skv. samþykktu deiliskipulagi. Þá hafa fullnægjandi gögn skv. ákvæðum nýrrar skipulagsreglugerðar ekki borist. Að þeim skilyrðum uppfylltum leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að leita eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með umræddri framkvæmd skv. 1. tölulið í ákvæðum til bráðabirgða í 57. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag. Byggingarfulltrúi mun síðan gefa út byggingarleyfi þegar öllum tilheyrandi formsatriðum hefur verið fullnægt.*

## 2. Grímsstaðir. Breytingar á skipulagsákvæðum aðalskipulags vegna verslunar og þjónustusvæðis 363-V

S20130101

Erindi dags. 19. desember 2012 frá Áslaugu Traustadóttur landslagsarkitekt hjá Landmótun, f.h. Islandia hótél ehf., kt. 581105-0610 þar sem óskað er eftir að skilmálum í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem nú er til meðferðar verði breytt á eftirfarandi hátt:

*Verslunar og þjónustusvæði Grímsstaðir norðan Kísilvegjar (87), svæði 363-V skipulagsákvæði:*

Núverandi ákvæði:

*Hótél og ferðaþjónusta. Allt að tveggja hæða byggingar. uppbygging skv. deiliskiplagi.*

Tillaga að breytingu:

*Hótél og ferðaþjónusta. Allt að **þriggja** hæða byggingar. uppbygging skv. deiliskiplagi.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar lóðarhafa að láta vinna og leggja fram deiliskipulag að hótellóð í landi Grímsstaða skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til að málsmeðferð vegna breytingar á aðalskipulagi verði skv. 30.-32 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hún kynnt og auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi.*

### **3. Garður II. Umsagnarbeiðni um tilkynningarskyldu framkvæmda vegna skógræktar. S20130102**

Erindi dags. 10. desember 2012 frá Skipulagsstofnun, Sigurði Ásbjörnssyni, þar sem óskað er eftir því að Skútustaðahreppur gefi umsögn í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/200 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hvort og á hvaða forsendum framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti 3. viðauka í framangreindum lögum. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

*Skipulags- og umhverfisnefnd hefur kynnt sér umsókn landeiganda og skógræktaráætlun Norðurlandsskóga þar sem markmiðum ræktunar er lýst svo:*

*„Markmið skógræktar í Garði II er fyrst og fremst að búa til uppsprettu fræs af víði, birki og ilmreyni til þess að stuðla að áframhaldandi gróðurframvindu á svæðinu, jarðvegsvernd og sjálfbærni. Ræktunaráætlunin fyrir svæðið er óhefðbundin því ekki er gert ráð fyrir samfelldum gróðursetningum heldur gróðursetningu í gróðureyjur sem ætlað er að sá sér út og þekja landið skógi með tímanum. Eingöngu eru notaðar íslenskar tegundir“.*

*Þar sem skógræktarmarkmið í Garði II eru í samræmi við meginmarkmið sveitarstjórnar sem fram koma í kafla 4.12.5 Skógrækt í greinargerð með tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 telur skipulags- og umhverfisnefnd ekki þörf á umhverfismati vegna fyrirhugaðrar skógræktar á þessu svæði.*

#### **4. Hitaveita Skútustaðahrepps. Gjaldskrár.**

V20130101

Lagðar fram endurskoðaðar gjaldskrár *Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi og Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við gjaldskrárnar. Nefndin leggur þunga áherslu á að sveitarstjórn gangi frá hitaveitusamningum við íbúa í Vogum sem fyrst.*

#### **5. Hitaveita Skútustaðahrepps. Ýmis mál.**

V20130102

Lárus Björnsson kemur á fund nefndarinnar og gerir grein fyrir ýmsum málum varðandi hitaveituna

*Skipulags- og umhverfisnefnd felur Karli Emil Sveinssyni og Birgi Steingrímssyni að fara yfir og uppfæra framkvæmdaáætlun hitaveitu í samráði við rðasmann. Endurskoðuð áætlun verði lögð fyrir næsta fund skipulags- og umhverfisnefndar. Nefndin sé ekki ástæðu til að samþykkja erindi landeigenda í Vogum um frían aðgang að vatni til vinnuvélaprifa.*

#### **6. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Athugasemdir/umsagnir við auglýsta tillögu.**

S20120203

Tekið fyrir að nýju tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillagan var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdarfresti frá og með 26. október til og með 7. desember 2012. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir eða umsagnir.

1. Fulltrúar eigenda Reykjahlíðar II, III og IV.
2. Landsnet.
3. Kristín Þuríður Sverrisdóttir, Víðihlíð, Mývatnssveit.
4. Pétur Snæbjörnsson f.h. Reynihlíðar hf.
5. ISAVIA.
6. Vegagerðin.
7. Héðinn Sverrisson, Geiteyjarströnd, Mývatnssveit.
8. Skógrækt ríkisins.
9. Umhverfisstofnun
10. Landgræðsla ríkisins
11. Sigfús Illugason, Bjargi, Mývatnssveit.
12. Þingeyjarsveit
13. Jón Illugason, Helluhrauni 15, Mývatnssveit
14. Ólafur H. Jónsson f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.
15. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga. (Barst eftir lok athugasemdarfrests)

Árni Ólafsson, arkitekt, sat fundinn og var nefndinni til ráðgjafar varðandi yfirferð og svör við athugasemdum.

Samantekt á athugasemdum og tillögur að svörum við þeim fara hér á eftir:

(Sjá fylgiskjal)

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún taki tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til lokaafgreiðslu skv. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og staðfesti bókanir nefndarinnar við athugasemdum sem bárust á auglýsingatímanum og þær breytingar sem nefndin ákvað að gera á aðalskipulagsgögnum með hliðsjón af þeim.*

Fundi slitið